

43

7. marz

5. gr.
Brot gegn reglugerð þessari varðar þeim sektum og viðurlögum, sem ákveðin eru í framangreindum lögum.

Reglugerð þessi öðlast þegar gildi og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 7. marz 1939.

Skúli Guðmundsson.

Vigfús Einarsson.

44

7. marz

Staðfesting konungs á skipulagsskrá fyrir „Minningarsjóð Ólafs Eiríkssonar kennara“, útgefin á venjulegan hátt að mandatum 7. marz 1939, af dóms- og kirkjumálaráðherra.

Skipulagsskráin er þannig:

SKIPULAGSSKRÁ

fyrir Minningarsjóð Ólafs Eiríkssonar kennara.

1. gr.

Sjóðurinn heitir „Minningarsjóður Ólafs Eiríkssonar kennara“ og er stofnaður af Austur-Eyfellingum (þ. e. íbúum Austur-Eyjafjallahrepps í Rangárvallasýslu) vorið 1938, til minningar um langt og farsælt kennarastarf hans þar í hreppnum.

2. gr.

Sjóðurinn er nú að upphæð kr. 300.00. — Geta honum, auk tilfallandi vaxta, hlotnast tekjur af gjöfum og áheitum, er menn kynnu að vilja láta hann njóta.

3. gr.

Tilgangur sjóðsins er, samkvæmt ósk þess, sem hann er stofnaður til minningar um (en hann lætur nú af barnakennslu í hreppnum, eftir að hafa haft hana á hendi samfleytt síðan um aldamót), að með tímanum og samkvæmt 4. gr. megi verja af fé hans nokkurri upphæð til þess að kaupa og fullkomna kennsluáhöld við skóla hreppsins, eftir því sem fyrir hendi er og rétt og gagnlegt þykir.

4. gr.

Fé sjóðsins skal geymast og ávaxtast á tryggilegan hátt, í banka eða sparisjóði, og skulu fyrstu 10 árin allir vextir leggjast við stofnféð. Síðan má um 15 ára bil veita úr sjóðnum eða safna saman til þess hálfum vöxtunum, árlega eða með millibili, en hálfir vextirnir leggjast áfram við stofn. Eftir alls 25 ár má verja til útgreiðslu þrem fjórðu hlutum vaxtanna, allt í þeim tilgangi, sem 3. gr. ræðir um; einn fjórði hluti vaxta leggst þá æfinlega við sjóðinn, unz stjórn sjóðsins með samþykki sýslunefndar Rangárvallasýslu telur hann orðinn nóg vaxinn, og má þá nota alla vextina. — Ef ekki er veitt úr sjóðnum einhver ár, fleiri eða færri, eða ef ekki þykir þess þörf, leggjast vextir ávallt við höfuðstól.

5. gr.

44

Sjóðnum skal stjórnað af þriggja manna nefnd, er annast úthlutun úr sjóðnum o. s. frv. samkv. framangreindu, en í henni skulu vera oddviti Austur-Eyjafjalla-hrepps á hverjum tíma, formaður skólanefndar hreppsins og viðkomandi sóknarprestur.

7. marz

6. gr.

Reikningsár sjóðsins er almanaksárið og skal stjórn sjóðsins gera reikning hans árlega og senda sýslunefnd til endurskoðunar og samþykktar.

7. gr.

Leita skal konungsstaðfestingar á þessari skipulagsskrá.

S A M Þ Y K K T

45

um breyting á samþykkt fyrir Fiskræktar- og veiðifélag Laxár
í Borgarfjarðarsýslu frá 7. júní 1934.

17. marz

Síðasti málsliður 14. gr. samþykktarinnar orðist þannig:

Að þeim tíma liðnum skal arðskráin haldast óbreytt, ef breytingar fást ekki samþykktar með $\frac{2}{3}$ greiddra atkvæða allra félagsmanna.

Samþykkt þessi staðfestist hér með samkvæmt lögum nr. 61 23. júní 1932, um lax og silungsveiði, til þess að öðlast gildi þegar í stað og birtist til eftirbreytni öllum þeim, sem hlut eiga að máli.

Atvinnu- og samgöngumálaráðuneytið, 17. marz 1939.

Hermann Jónasson.

Gunnl. E. Briem.

A R Ð S K R Á

46

Fiskræktar- og veiðifélags Laxár í Borgarfjarðarsýslu.

17. marz

Nöfn jarða, sem tilkall eiga til arðs:

Arður, hundraðshlutar:

Eyri	3,6 %
Hlíðarfótur	3,9 —
Hóll	2,5 —
Tunga	7,0 —
Steinsholt	1,9 —
Melkot	6,5 —
Leirá	9,0 —
Vogatunga	5,7 —
Beitistaðir	1,4 —
Lækur	3,0 —
Skipanes	6,0 —
Arkarlækur	2,0 —
Kjalardalur	6,0 —
Litli-Lambhagi	3,5 —